



## Til stjórnvalda Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

(Send forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur, utanríkisráðherra Össuri Skarphéðinssyni og utanríkismálanefnd Alþingis).

Ályktun ráðstefnu Norrænu samtakanna gegn úranvopnum (The Nordic Network against Uranium Weapons), haldin í Stokkhólmi 15. nóvember 2009.

### Norrænu samtökin gegn úranvopnum krefjast þess að stjórnir Norðurlandanna:

1. **Leggi fram hið fyrsta nákvæmar og nýjar skýrslur** um hugsanlega skaðsemi úraníumvopna á heilsufar manna og umhverfi eins og farið er fram á af Sameinuðu þjóðunum og gerð grein fyrir í samþykkt allsherjarþingsins A/C.1/36/L.26 og samþykkt var 2. desember 2008. Þar voru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna og önnur alþjóðleg samtök sem bera málið fyrir brjósti og ekki hafa látið frá sér heyra, hvött til þess að senda framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna álit sitt á áhrifum notkunar hergagna og skotfæra sem innihalda úrgangsuran.

2. **Myndi bandalag fúsra þjóða** um gerð alþjóðlegs samnings sem banni notkun úrans í hefðbundnum vopnum, í samræmi við ályktun Evrópuþingsins frá 2008: *Global treaty to ban uranium weapons* (P6\_TA (2008) 0233) sem stutt var 94% aðildarríkja.

3. **Efli samstarf Norðurlandanna** í aðdraganda 65. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 2010, að því að koma á sameiginlegu norrænu banni á hefðbundin úranvopn og fylgja þannig í fótspor Belga. Lög þeirra frá 2007, sem tóku gildi í júní 2009, banna notkun, flutning, framleiðslu, söfnun og sölu á úranvopnum og skriðdrekum. Bannið var stutt með viðbótar löggjöf sem takmarkaði möguleika belgískra fjármálastofnana til að fjármagna úranvopnaframleiðendur.

### Norrænu samtökin gegn úranvopnum eru sannfærð um að:

- Mikilvægt sé að efla þátt almennings í baráttunni gegn ómannúðlegum vopnum á borð við jarðsprengjur, klasasprengjur og úranvopn.
- **Úranvopn valdi alvarlegum og langvarandi áhrifum á heilsu fólks og umhverfi.** Þótt frekari rannsókna sé þörf til að alhæfa um afleiðingar úrans á manneskjur, sýna ritrýndar niðurstöður fjölmargra frumu- og dýralífsrannsókna að fínkorna agnir sem losna þegar úranvopnum er beitt valda margs konar heilsutjóni, bæði vegna mengandi eituráhrifa þungamálsins og geislavirkni. Vitnisburður heilbrigðisstarfsfólks, heilbrigðisráðuneyta og fjölmiðla um aukningu krabbameinstífla og fósturgalla á átakasvæðum verður að taka alvarlega.
- **Notkun úranvopna brjóti í bága við alþjóðlegt samkomulag og ýmsa alþjóðlega samninga**, þar á meðal Haag samninginn frá 1899 og 1907, Genfarbókunina 1925, 23. grein í Genfarsamningnum 1949, Nürnbergglögin

1945 og „varúðarregluna“ (Precautionary Principle) sem innsiglið er í alþjóðalöggjöf um mannúðarmál (International Humanitarian Law). Verndun óbreyttra borgara og umhverfis verður að njóta forgangs í vopnuðum átökum.

- Þjóðir verða að fylgja „varúðarreglunni“ þegar tekist er á við ógnina af úranvopnum. Í ljósi aukins skilnings okkar á áhrifum úranvopna á heilsu manna og dýra, ber okkur siðferðileg skylda að umgangast þau af varúð.

Norrænu samtökin gegn úranvopnum.

Tengiliðir:

**Anita Lilburn, Aktionsgruppen mot radioaktiv krigsföring (ARK), Sverige,**  
[lilburn@globalnet.net](mailto:lilburn@globalnet.net)

**Susanne Urban, Internasjonal Kvinnelige for Fred og Frihet (IKFF-Bergen), Norge,**  
[susanne@urbanrabbe.no](mailto:susanne@urbanrabbe.no)

**Anna-Liisa Matsoff, Uraaniaseet kieltoon – verkotso, Suomii,** [almattsoff@yahoo.com](mailto:almattsoff@yahoo.com)

**Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Menningar- og Friðarsamtökin MFÍK, Ísland,**  
[gudridur@mfik.is](mailto:gudridur@mfik.is)

**Ida Harslof, Kvindernes Internationale Liga for Fred og Frihed (KILFF), Danmark,**  
[wilpf-dk@internet.dk](mailto:wilpf-dk@internet.dk)